

## 93. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 8. október 2008 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Björn Sverrisson, formaður, Katrín Pálsdóttir, Hrefna Frímansdóttir, Ingveldur Eypórsdóttir, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskóla, Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, Elín Guðrún Pálsdóttir, fulltrúi leikskólakennara, Birna Ármey Þórsteinsdóttir, foreldraráði leikskóla, Símon Már Sturluson foreldraráði grunnskóla og Arna S. Andrésdóttir, fundarritari.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Skýrslur skólastjóra.

#### 1.1. Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

Áherslupunktur úr starfinu

- ◆ Samstarf leik – og grunnskóla. Elstu nemendur leikskólans komu í heimsókn í grunnskólann mánudaginn 22. september.
- ◆ Skólastjóraspjall: tónlistarskóli, leikskóli og grunnskóli. Hittast formlega þrisvar sinnum á skólaárinu.
- ◆ Skólahlaup GSS 2008 var föstudaginn 26. september.
- ◆ Starfsdagur GSS var mánudaginn 29. september.
- ◆ Kennaranemar frá HÍ (áður KHÍ). Sara Sædal og Aðalheiður Sigurðardóttir.
- ◆ Forfallakennsla frá 1. desember. Ráða þarf inn einstakling í stað Öldu, kennara 2. bekkjar.
- ◆ Comeniusarverkefni GSS. Á Spáni eru nú stödd við vinnu við þetta verkefni: Eypór Benediktsson-aðstoðarskólastjóri, Helga Sveinsdóttir, Sesselja Kristinsdóttir og Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir. Auk okkar taka þátt í þessu verkefni: Pólland, Finnland, Spánn og Ítalía.
- ◆ Foreldrastarfið – foreldrafélögin. Búið er að tilnefna í stjórn foreldrafélagsins veturinn 2008-2009.
- ◆ Skólaráð GSS. Foreldraráð er dottið út og skólaráð kemur í staðinn, það er kosið í það til tveggja ára í senn. Í skólaráði sitja: tveir kennarar, einn starfsmaður (almennur starfsmaður) skóla þó ekki kennari, skólasjóri sem ber ábyrgð á skólaráðinu, einn einstaklingur úr grenndarsamfélagi eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra/forráðamanna, tveir foreldrar og tveir fulltrúar nemenda.

Önnur mál

- ◆ Mikið samstarf er farið af stað á milli Leikfélagsins Grímnis og grunnskólans. Stefnt er að frumsýningu í nóvember.
- ◆ Búið er að kjósa í nemenda- og íþróttaráð.

Formaður þakkaði skólastjóra skýrsluna.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra.

Fyrirspurn: fá nemar (úr HÍ) að ráða í hvaða skóla þeir fara? Skólastjóri grunnskóla svaraði fyrirspurn, já þeir fá að velja skóla.

Fyrirspurn: Eru allir eða flestir kennarar hér við grunnskólann með kennarapróf? Skólastjóri grunnskóla svaraði fyrirspurn, já við búum mjög vel. Örfáir eru ekki komnir með prófið en þeir eru í námi.

## 1.2. Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

- ◆ Skóladagatal leikskólans er klárt, er aðgengilegt á vefnum.  
<http://www.stykk.is/leikskoli/>
- ◆ Fyrstu árs gömlu börnin eru að byrja í aðlögun. Eins er allt að verða tilbúið utan húss og innan.
- ◆ Nú eru á leikskólanum 65 börn og 21 starfsmaður.
- ◆ Nýr starfsmaður byrjaði 1. okt. í ræstingum, Johanna Szerszen, þegar Þórey Ellerts hætti.
- ◆ Nýr starfsmaður í afleysingum, Guðlaug Helga Guðlaugsdóttir var ráðin í 100% stöðu.
- ◆ Vetrarstarfið fer vel af stað, hópastarf, skólastund og val komið í fullan gang.
- ◆ Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn 7. október. Ný stjórn var kosin. Formaður er Birna Ármey Þorsteinsdóttir, Sara Jóhannsdóttir gjaldkeri, Dóra Björk Sigurðardóttir ritari, Ingveldur Eypórsdóttir meðstjórnandi og Rut Agnarsdóttir meðstjórnandi.
- ◆ Starfsdagur var haldinn mánudaginn 29. september. Þá var m.a. farið í skyndihjálp og brunavarnir.
- ◆ Námskeið. Mikið námskeiðahald hefur verið síðustu daga og hafa starfsmenn verið duglegir að sækja þau.

Formaður þakkaði skólastjóra skýrsluna.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra.

Fyrirspurn: á skóladagatali má sjá dag merktann starfsmannaviðtöl, eru þetta árleg viðtöl eins og eru í mörgum fyrirtækjum? Skólastjóri leikskóla svaraði fyrirspurn, já þetta eru þau viðtöl.

Fyrirspurn: Í hverju felst breytingin á starfinu í leikskólanum sem hefur tekið gildi? Skólastjóri leikskóla svaraði fyrirspurn. Hópastarf elstu nemenda stendur lengur yfir, meira val og breytt útivera.

Foreldrafundir verða í næstu viku á leikskólanum fyrir hverja deild.

## **2. Kynning á heimsókn starfsfólks leikskólans til Svíþjóðar (Örebro)**

- Flott kynning um ferðina og einnig glæsileg myndasýning.

## **3. Önnur mál**

Fyrirspurn: Eru nemendur í grunnskólanum mikið að velta fyrir sér ástandinu í þjóðfélaginu og hvernig er tekið á því? Skólastjóri grunnskóla svaraði fyrirspurn. Kennarar yngstu nemenda hafa rætt þetta við sína nemendur en varðandi elstu nemendurna þá tók samfélagsfræðikennarinn, Einar Gunnarsson, að sér að ræða við þá um þetta málefni og aðstæður. Það er s.s. tekið á þessu í skólanum.

Almenn umræða fór fram um fjármál og þá hugmynd um að koma slíkri fræðslu inn í grunnskólann.

Fyrirspurn: fara fram foreldrafundir og foreldraviðtöl í öllum bekkjum grunnskólans? Skólastjóri grunnskóla svaraði fyrirspurn. Já, bæði foreldrafundir og foreldraviðtöl fara fram í öllum bekkjum.

Fyrirspurn: Spurt út í notkun á Mentor á meðan kennara hér í grunnskólanum? Skólastjóri grunnskóla svaraði fyrirspurn. Mismunandi eftir kennurum hversu mikið þeir nota þetta kerfi, því miður. Örfáir kennarar gætu staðið sig betur. Stefna skólans er að allir noti kerfið.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.37.

Arna Sædal Andrésdóttir, fundarritari (sign).